

---

## Strandeldisstöð Landeldis ehf. Laxabraut 1, Þorlákshöfn. 5.000 tonna ársframleiðsla af laxfiskaafurðum

### Ákvörðun um matsáætlun

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 21. september 2018 barst Skipulagsstofnun tillaga Landeldis ehf. að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar strandeldisstöðvar fyrirtækisins að Laxabraut 1, Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfus, með 5.000 tonna ársframleiðslu af laxfiskaafurðum, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.24 sbr. einnig lið 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Strandeldisstöð Landeldis ehf. Laxabraut 1, Þorlákshöfn. 5.000 tonna ársframleiðsla af laxfiskaafurðum. Tillaga að matsáætlun. Landeldi ehf. September 2018.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfus með bréfi dags. 2. nóvember 2018.
- Fiskistofu með tölvubrési dags. 8. nóvember 2018.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 9. október 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 4. október 2018.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 8. október 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 8. október 2018.
- Orkustofnun með bréfi dags. 11. október 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. október 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá Landeldi ehf. með tölvupóstum dags. 10., 16. og 18. október og 13. nóvember 2018.

#### 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

##### Framleiðsla

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að heildarframleiðslugeta stöðvarinnar, þegar fullum afköstum verður náð, verði 5.000 tonn af slægðum afurðum árlega (slægður fiskur með haus) og þá muni hámarkslífmassi stöðvarinnar nema um 2.500 tonnnum. Fram kemur að eldi seiða, sem ekki standist lágmarksstærð sem sett hafi verið fyrir þauleiddissvæði, verði í eldishúsi.



Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að stofnunin gefi út rekstrarleyfi þar sem fram komi framleiðslumagn og hámarkslífmassi leyfisins. Framleiðslumagn í rekstrarleyfi sé skilgreint á eftirfarandi veg í reglugerð 1170/2015 um fiskeldi: „Framleiðslumagn miðast við ársframleiðslu slátraðra tonna af óslægðum eldisfiski úr kerri/kví. Ársframleiðsla miðast við almanaksár.“ Stofnunin gerir kröfu um að Landeldi ehf. setji fram framleiðslumagn í frummatsskýrslu sem sé í samræmi við reglugerðina. Þá óskar Matvælastofnun þess að framkvæmdaraðili taki tillit til og geri grein fyrir þeim atriðum sem koma við sögu, svo hámarka megi velferð fiska á öllum stigum eldisins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að mikilvægt sé að gerð sé grein fyrir hvernig rekstraraðili hyggist ná 5.000 tonna framleiðslu á ári á sama tíma og hámarkslífmassi verði 2.500 tonn. Þá segir að gera þurfi betur grein fyrir þeim stærðarkröfum sem verið sé að vitna til varðandi lágmarksstærð seiða á þauleldissvæðum og hvort seiði í eldishúsi teljist ekki til lífmassa þessarar framkvæmdar. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að fjalla þurfi um hvernig nýta skuli bestu aðgengilegu tækni við reksturinn og að æskilegt sé að fjalla um þá umhverfissvottun sem rekstraraðili sækist eftir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði framleiðslumagn skilgreint samkvæmt reglugerð 1170/2015 um fiskeldi og að í frummatsskýrslu verði kafli tengdur velferð fisks.

Í svörum Landeldis ehf. er tekið undir ábendingu Umhverfisstofnunar.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir framleiðslumagni samkvæmt reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi. Þá þarf að gera grein fyrir hvernig rekstraraðili hyggst ná 5.000 tonna framleiðslu á ári en vera jafnframt undir 2.500 tonna hámarkslífmassa, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar. Jafnframt þarf að gera grein fyrir stærð seiða í fyrirhuguðu eldishúsi og hvort þau seiði teljist ekki til lífmassa framkvæmdarinnar. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um hvernig framkvæmdaraðili hyggst nýta bestu aðgengilegu tækni við reksturinn og gera grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst hámarka velferð fisks á öllum stigum eldisins.

## **Landslag og ásjón**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að birtar verði myndir af eldisstöðinni er byggja á grunnhönnun hennar og myndir af svæðinu með og án mannvirkja til glöggvunar á framkvæmdinni og þeim mannvirkjum sem henni tilheyra, landslagi svæðisins verði lýst og lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar. Einnig verði gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum ef þeirra gerist þörf.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að gera þurfi grein fyrir áætlaðri stærð og gerð mannvirkja og hvernig staðið verði að uppbyggingu svo að mannvirki falli sem best að landslagi svæðisins.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að gera þurfi grein fyrir ljós- og hljóðmengun frá framkvæmdinni.

Í svörum Landeldis ehf. er tekið undir ábendingu Umhverfisstofnunar auk þess segir að fjallað verði um ljós- og hljóðmengun frá framkvæmdinni í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig staðið verði að uppbyggingu svo að mannvirki falli sem best að landslagi svæðisins og að gera grein fyrir ljós- og hljóðmengun, á framkvæmda- og rekstartíma.

## **Frárennsli**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði grein gerð fyrir áætluðum árangri við útskiljun lífræns úrgangs í formi fóðurleifa og saurs frá fiskinum og ferli síunar lýst og verkferlum. Einnig verði gerð grein fyrir möguleikum á nýtingu (förgun) seyru og kynnt hugmynd um að nýta frárennsli stöðvarinnar til að knýja rafmagnstúrbínu.



Í umsögn Matvælastofnunar er vakin athygli á að fiskeldisstöðvar á landi verði að vera útbúnar búnaði sem komi í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangi fisk sem sleppur.

Í svörum Landeldis ehf. er ítrekað að fjallað verði um sleppivarnir í frummatsskýrslu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að fjalla þurfi ítarlega um frárennsli frá starfseminni og þá hreinsun sem verður á frárennislisvökva áður en honum er hleypt út í viðtakann. Minnt sé á að krafa um að frárennsli sé veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum sé meginregla. Mikilvægt sé að skýrt sé náði frá áformum um nýtingu seyru og fjallað ítarlega um þann valmöguleika að nýta frárennsli til keyrslu á rafmagnstúrbínunum.

Í svörum Landeldis ehf. við umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhuguð nýting seyru verði frumkvöðlaverkefni og muni fyrirtækið falast eftir samráði við Matorku í Grindavík um það. Nýting frárennslis til raforkuframleiðslu sé frumkvöðlaverkefni og ekki verði hægt að gera ítarlega grein fyrir því þar sem tæknilegar útfærslur séu í skoðun erlendis. Þá segir að forvarsmönnum verkefnisins sé ekki kunnugt um að nokkurt Íslenskt fiskeldisfyrirtæki hafi nokkurn tímann framkvæmt frárennismál sín innan ramma laganna enda landfræðilegar aðstæður oft á þann veg að það sé óframkvæmanlegt. Landeldi ehf. mun gera allt sem í sínu valdi stendur svo hægt verði að uppfylla skilyrðin eða að ganga sem næst þeim kröfum sem settar eru fram í reglugerðinni og munu vinna náði að þeim málum í samvinnu við sveitarfélagið, heilbrigðisnefnd þess og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir frárennsli og hreinsun þess áður en það fer út í viðtaka svo og hvernig kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 verða uppfylltar. Skýra þarf frá áformum um nýtingu seyru.

### **Lífríki fjöru**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði grein gerð fyrir könnun fjörunnar er spannaði nokkurra mánaða athuganir og niðurstöður athugana bornar saman við vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt EUNIS-flokkunarkerfinu. Skýrt verði frá niðurstöðum flokkunar fjörunnar ásamt verndargildi hennar. Einnig verði fjallað um brimasemi fjörunnar ásamt ríkjandi straumum, straumstefnum og styrk strauma undan henni. Metin verði áhrif affallsvatns á lífríki fjörunnar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fjalla þurfi ítarlega um þau áhrif sem losun frárennslis í viðtaka kunni að hafa á lífríki viðtakans, sérstaklega sé bent á fjörugróður, áhrif á plöntur og þörungur líkt og þang. Einnig sé bent á að fuglalíf geti orðið fyrir áhrifum af losun fráveitu og fjalla þurfi um þau áhrif í frummatsskýrslu.

Í svörum Landeldis ehf. er tekið undir ábendingu Umhverfisstofnunar.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um hugsanleg áhrif á lífríki viðtaka fráveitu einkum á fjörugróður og einnig hvort fuglalíf geti orðið fyrir áhrifum.



## Samlegðaráhrif

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir samlegðaráhrifum vegna næringarefnalosunar eldisstöðvar Landeldis ehf. ásamt fiskeldisstöðvum Íspórs, Náttúru fiskiræktar og Laxa fiskeldis. Þessar stöðvar hafi starfsleyfi fyrir samtals 2.500 tonna ársframleiðslu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar geti möguleg heildarframleiðsla á svæðinu orðið alls 9.320 tonn og því talsverð aukning með tilheyrandi álagi á viðtakann. Mikilvægt sé að umfjöllun um samlegðaráhrif framkvæmdarinnar verði ítarleg og gerð grein fyrir áhrifum framleiðsluaukningar m.t.t. þess álags sem verður ef af umræddum áformum rekstraraðila verður.

Í svörum Landeldis ehf. við umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að Landeldi ehf. telji að ekki sé tímabært að í umfjöllun um samlegð verði byggt á áformum Laxa ehf. þar sem óvissa sé um þá framkvæmd. Nærtækara væri að gera það í ferli umhverfismats Laxa ehf. þegar og ef af því verði.

Skipulagsstofnun bendir á að við mat á samlegðaráhrifum ber að horfa til þekktra áforma. Áform Laxa fiskeldis eru þekkt en stækkun seiðaeldisstöðvar fyrirtækisins við Laxabraut er í umhverfismatsferli.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um samlegðaráhrif eldisstöðvar Landeldis með öðrum fiskeldisstöðvum við Laxabraut. Gera þarf grein fyrir heildarframleiðslu svo og fyrirbyggjandi áformum um aukningu hennar. Einnig þarf að gera grein fyrir frárennsli eldisstöðvarinnar með tilliti til annarrar losunar í sama viðtaka.

Í tillögu að matsáætlun er ekki gerð grein fyrir fjarlægð frá fyrirhugaðri fiskeldistöð Landeldis ehf. frá öðrum fiskeldisstöðvum við Þorlákshöfn en af mynd 1 má ráða að hún sé undir 2 km.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að í 4. gr. reglugerðar, nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og löndun laxastofna, segi að lágmarksfjarlægð á milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva innbyrðis skuli ekki vera minni en 2 km og miðist við loftlínu.

Í svörum Landeldis ehf. er bent á að mörg ef ekki flest fiskeldisfyrirtæki sem hafi fengið starfs- og rekstrarleyfi á undanförunum árum fyrir landeldi uppfylli ekki skilyrði um lágmarksfjarlægð á milli stöðva.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um hvernig uppfyllt verða skilyrði 4. gr. reglugerðar nr. 105/2000 um lágmarksfjarlægð á milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva.

## Jarðmyndanir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði ekki fjallað um áhrif á jarðmyndanir og áhrif af efnistöku og haugsetningu þar sem áhrifin séu talin verða óveruleg.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fjalla þurfi um frágang svæðisins eftir að framkvæmdum ljúki og enn fremur sé æskilegt að gera grein fyrir gerð nýrrar vegtengingar inn á iðnaðarsvæðið.

Í svörum Landeldis ehf. er tekið undir ábendingu Umhverfisstofnunar.



## Fornminjar

Í tillögu að matsáætlun er vísað til umfjöllunar um minjavernd á framkvæmdasvæðinu sem muni verða í deiliskipulagi og hugsanlegar mótvægisáðgerðir ef minjar finnast á svæðinu.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að fornleifafræðingur þurfi að skrá minjar á lóðinni við Laxabraut 1. Í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar, leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar og fjalla um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á. Á korti eða loftmynd þar sem útlínur fyrirhugaðra mannvirkja komi fram þurfi jafnframt að sýna útlínur skráðra fornleifa svo hægt verði að gera sér grein fyrir umfangi þeirra og meta áhrif framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Minjastofnunar. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum fornleifaskráningar. Sýna þarf á korti eða loftmynd útlínur fyrirhugaðra mannvirkja og skráðra fornleifa. Eftir því sem við á verði fjallað um mótvægisáðgerðir ef ekki er hægt að komast hjá röskun fornleifa.

## Vatnsöflun

Í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnsöflun sem gert er ráð fyrir að verði úr borholum og ferskvatnsbrunnum innan framkvæmdalóðar.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að ekki liggi fyrir upplýsingar um magn sjóvatns og grunnvatns sem þörf verði á til starfseminnar, en fram komi að reiknað sé með +7.000 l/sek lágmarksfrárennslis frá stöðinni.

Í svörum Landeldis ehf. kemur fram að í forsendum vegna hönnunar frárennslis/útfallsagnar stöðvarinnar verði miðað við sverleika sem anni ekki minna en 7 m<sup>3</sup>/sek. Heildarvatns-/sjónotkun stöðvarinnar, sem nánar verði gerð grein fyrir í frummatsskýrslu, verði við full afköst um 5,5 m<sup>3</sup>/sek.

Í umsögn Orkustofnunar er bent á að á iðnaðarsvæðinu við Þorlákshöfn sé eldisstöðin Íspór ehf. sem hafi nýtingarleyfi fyrir allt að 350 l/s af ferskvatni og 3.000 l/s af sjóblönduðu grunnvatni úr borholum við eldistöðina. Laxar fiskeldi ehf. sé einnig á sama svæði og hyggi á stækkun úr 500 tonnum af laxaseiðum á ári í um 2.500 tonn.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir heildarárnotkun grunnvatns, hvort sem um er að ræða ferskt, ísalt eða salt vatn, staðsetningu vatnsvinnslusvæða og afmörkun brunnsvæða, nær- og fjarsvæða. Fjalla þarf um samlegðaráhrif eldisstöðvar Landeldis með öðrum fiskeldisstöðvum með tilliti til vatnsvinnslu. Sú umfjöllun þarf að ná til núverandi vatnsnotkunar sem og áformaðar vatnstöku.

## Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur ekki fram umfjöllun um valkosti.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er minnt á að fjalla skuli um aðra valkosti en meginvalkosti í frummatsskýrslu framkvæmdar sbr. 20. gr. lið 1.h í reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Hér sé átt við mismunandi valkosti svo sem varðandi umfang, vatnstöku, notkun mismunandi eldisbúnaðar, annars losunarstaðar frárennslis og eða seyru o.fl. Rökstyðja þurfi hvers vegna valinn kostur sé talinn besti kostur framkvæmdar auk þess að fjalla um núllkost.

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir mismunandi valkostum. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir raunhæfum valkostum og meta umhverfisáhrif þeirra, svo sem öðrum kostum varðandi útfærslu framkvæmdar þ.á.m. mismunandi útfærslu við endurnýtingu vatns við framleiðsluna. Auk þess þarf að fjalla um núllkost þ.e. að aðhafast ekkert.



## Vöktun

Í tillögu að matsáætlun segir að í frummatsskýrslu verði fjallað um vöktunaráætlun vegna nýtingar grunnvatns sem yrði framkvæmd eftir leiðbeiningum og í fullri samvinnu við Orkustofnun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er minnt á að skv. 20. gr. lið 3.h reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum eigi tillaga að vöktunaráætlun að fylgja með frummatsskýrslu. Telur stofnunin jákvætt ef fjallað verði í frummatsskýrslu um sameiginlega vöktun þeirra aðila sem losa í sama viðtaka.

Í svörum Landeldis ehf. er tekið undir ábendingu Umhverfisstofnunar.

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa vegna frárennslis og vatnsvinnslu.

## Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landeldis ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir framleiðslumagni samkvæmt reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig rekstraraðili hyggst ná 5.000 tonna framleiðslu á ári en vera jafnframt undir 2.500 tonna hámarkslífmassa, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir stærð seiða í eldihúsi og hvort eldi þeirra seiða teljist ekki til lífmassa framkvæmdarinnar.
4. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um hvernig framkvæmdaraðili hyggst nýta bestu aðgengilegu tækni við reksturinn.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst hámarka velferð fisks á öllum stigum eldisins.
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig staðið verði að uppbyggingu svo að mannvirki falli sem best að landslagi svæðisins.
7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir ljós- og hljóðmengun, á framkvæmda- og rekstrartíma.
8. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir frárennslis og hreinsun þess áður en það fer út í viðtaka svo og hvernig kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 verða uppfylltar. Skýra þarf frá áformum um nýtingu seyru.
9. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um hugsanleg áhrif á lífríki viðtaka fráveitu einkum á fjörugróður og einnig hvort fuglalíf geti orðið fyrir áhrifum.
10. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um samlegðaráhrif eldisstöðvar Landeldis með öðrum fiskeldisstöðvum við Laxabraut. Gera þarf grein fyrir heildarframleiðslu svo og fyrirbyggjandi áformum um aukningu hennar. Einnig þarf að gera grein fyrir frárennslis eldisstöðvarinnar með tilliti til annarrar losunar í sama viðtaka.
11. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um hvernig uppfyllt verða skilyrði 4. gr. reglugerðar nr. 105/2000 um lágmarksfjarlægð á milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva.
12. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum fornleifaskráningar. Sýna þarf á korti eða loftmynd útlínur fyrirhugaðra mannvirkja og skráðra fornleifa. Eftir því sem við á verði fjallað um mótvægisáðgerðir ef ekki er hægt að komast hjá röskun fornleifa.



- 
13. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir heildarárnotkun grunnvatns, hvort sem um er að ræða ferskt, ísalt eða salt vatn, staðsetningu vatnsvinnsluvæða og afmörkun brunnsvæða, nær- og fjarsvæða.
  14. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir raunhæfum valkostum og meta umhverfisáhrif þeirra, svo sem öðrum kostum varðandi útfærslu framkvæmdar t.d. mismunandi útfærslu við endurnýtingu vatns við framleiðsluna. Auk þess þar að fjalla um núllkost þ.e. að aðhafast ekkert.
  15. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa vegna frárennslis og vatnsvinnslu.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 4. desember 2018

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinsson